

Vinnuhópur um endurskoðun jarða- og ábúðarlaga
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 30. október 2009

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um vinnu við endurskoðun jarða- og ábúðarlaga.

Skógrækt ríkisins fagnar tækifæri til að koma fram athugasemdum á frumstigi þessarar vinnu. Hér verður reynt að koma skoðunum Skógræktar ríkisins til skila í svörum við spurningunum sem lagðar voru fram í erindi vinnuhópsins.

1. Um hvort ábúðarlög eða önnur lög á málefnasviðinu þarfnist endurskoðunar.

Skógrækt ríkisins hefur ekki sérstaka skoðun á hvort þörf sé á endurskoðun ábúðarlaga. Hins vegar má benda á að skógræktarlög eru komin til ára sinna og þarfnast endurskoðunar.

2. Um hvort ástæða sé til viðbragðs löggjafans vegna breytinga á landnýtingu, t.d. varðandi skiptingu jarða, fjölgunar frístundalóða og aukna skógrækt.

Ekki verður séð að skipting jarða verði til þess að draga úr áhuga á skógrækt eða að hún hafi slæm áhrif á meðferð eða nýtingu ræktaðra skóga. Skipulagning frístundalóða á skóglausu landi leiðir oft til þess að skóglendi verði til á frístundasvæðinu með tímanum og telst það jákvætt frá sjónarhóli skógræktar. Hins vegar eru frístundalóðir oft skipulagðar í birkiskóglendi eða kjarri, sem hefur nokkra rýrnun skóglendisins í för með sér, einkum ruðning á skógi vegna vegagerðar og húsalóða. Á þessu er tekið í skógræktarlögum nr. 3/1955, þ.e. bann við rjóðurfellingu skógar án leyfis skógræktarstjóra og án þess að rækta jafnstóran skóg í staðinn. Skógrækt ríkisins vinnur með Skipulagsstofnun að því að gengið sé frá mótvægisáðgerðum vegna slíkrar skógareyðingar á skipulagsstigi. Frá sjónarhóli skógræktar er því ekki ástæða til að löggjafinn sé með sérstök viðbrögð vegna fjölgunar frístundalóða.

Varðandi hugsanleg viðbrögð löggjafans vegna aukinnar skógræktar vill Skógrækt ríkisins taka eftirfarandi fram:

- 1) Skógrækt ríkisins hvetur til þess að hugað sé til langs tíma og hugað sé vel að verndarsjónarmiðum, þ.m.t. vernd ræktarlands og ræktanlegs lands, þegar ákvarðanir eru teknar um að taka land til nýskógræktar.
- 2) Slíkar ákvarðanir eru þó, og eiga að vera, í höndum hvers landeiganda. Ákvarðanataka um nýtingu er grundvallaratriði í eignarrétti á landi og ef talið er að landi sé best fyrir

komið í höndum einstaklinga, þá ber yfirvöldum að takmarka þann rétt eins lítið og mögulegt er.

3) Í kreppunni hafa kostir þess að eiga innlenda skógarauðlind, þótt smá sé, komið greinilega í ljós. Hún hefur t.d. bjargað kjúklingarækt í landinu um undirburð síðan í nóvember 2008, fiskþurrkendum um hjallaefni og pizzustöðum um eldivið. Hægt er að tala um viðaröryggi ekki síður en matvælaöryggi. Það er því fullkomlega réttlætjanlegt að hluti lands sé nýttur undir skógarauðlindina, jafn vel hluti svokallaðs ræktanlegs lands.

4) Hitt er svo annað mál að skógur vex oft betur í brekkum en á flatlendi og því ætti með góðu skipulagi að vera hægt að koma skógrækt fyrir í landi samhliða túnrækt eða akuryrkju.

5) Björn Traustason og Fanney Ósk Gísladóttir á Mógilsá greindu nýtingu landgerða í skógrækt hingað til og miðað við 5% skógarþekju láglandis í framtíðinni (sjá www.skogur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1759). Þau fundu að 80% skógræktar hingað til hefur farið fram á landi sem ekki telst ræktanlegt. Þau komust einnig að þeirri niðurstöðu að þegar 5% markmiðinu verði náð og búið að draga frá öll náttúruverndarsvæði o.þ.h., þá verði enn 456.000 ha af ræktanlegu landi neðan 200 m hæðar til taks til ræktunar (til samanburðar er ræktað land nú um 130.000 ha). Miðað við hraða gróðursetningar undanfarin ár verður 5% skógarþekju láglandis ekki náð fyrr en vel er liðið á 22. öld.

6) Þótt finna megi dæmi um skógrækt á túnnum og ræktanlegu landi, þá eru áhyggjur þeirra mjög orðum auknar sem telja að skógrækt muni standa aukinni ræktun til matvælaframleiðslu fyrir þrifum.

7) Skógrækt er oft nefnd samhliða frístundabyggð hvað þetta varðar. Það tvennt er þó ekki sambærilegt. Landeigandi á erfitt með að kaupa til baka frístundaland og rífa húsin, en ruðningur skógar (sem hann á sjálfur) er hvorki háður miklum tæknilegum né fjárhagslegum örðugleikum. Ef nauðsyn krefur verður skógur ruddur og landið nýtt í þágu matvælaframleiðslu. Öll mannkynssagan segir okkur það. En þangað til er landið vel geymt undir skógi.

Það er álit Skógræktar ríkisins að ekki sé þörf á að löggjafinn takmarki þátt skógræktar í landnýtingu á neinn hátt. Frekar ætti að efla þátt skógræktar, enda Ísland enn svo til skóglaut.

3. Um hvort máli skiptir að jörð sé í tölu lögbýla varðandi stjórnslu.

Já. Skv. lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006 er landshlutaverkefnum eingöngu ætlað að veita framlög til skógræktar á lögbýlum. Það ákvæði var ekki sett til að ná skógræktarmarkmiðum, heldur byggðarpólítískum markmiðum.

4. Um hvernig opinberir aðilar sýsla með ríkisjarðir.

Það er skoðun Skógræktar ríkisins að þegar land í eigu ríkisins er sett í umsjón fagstofnunar (t.d. Skógræktar ríkisins, Landgræðslunnar eða Umhverfisstofnunar), þá liggi til þess gild rök sem tengjast hlutverki viðkomandi stofnunarinnar, t.d. skógvernd, skógrækt, gróðurvernd, uppgræðsla eða náttúruvernd. Þá eiga um þau lönd að gilda lög er varða starfsemi og skyldur viðkomandi stofnunar/málaflokks frekar en ákvæði jarðalaga

og ábúðarlaga. M.ö.o. eiga slík lönd að hætta að teljast til bújarða. Jafnframt á forræði yfir slíkum löndum að flytjast frá jarðadeild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins til viðkomandi fagstofnunar og umsýslan vera undir eftirliti Ríkisendurskoðunar. Það myndi einfalda stjórnsýslu. Ákvæði þurfa að vera í lögum um hvernig farið sé að því að breyta stöðu ríkisjarða á þennan hátt, t.d. með reglugerð svipað og friðlýsing skv. náttúruverndarlögum, og e.t.v. til baka, þ.e. hvernig sé hægt að gera slíkt land aftur að bújörð verði þörf og vilji til þess.

5. Um sameign á jörðum.

Skógrækt ríkisins hefur ekki skoðanir á þessum atriðum.

6. Um eign hlutafélaga á einstökum jörðum og eign sama aðila á mörgum jörðum.

Frá sjónarhóli skógræktar er ekkert athugavert við það að jarðir séu í eigu hlutafélaga eða að aðili eigi fleiri en eina jörð.

7. Um að auðvelda kynslóðaskipti á jörðum.

Skógrækt ríkisins hefur ekki skoðanir á þessu atriði.

8. Um frávikjanleika ábúðarlaga.

Skógrækt ríkisins hefur ekki skoðanir á þessum atriðum.

9. Um búrekstrarskyldu á betri jörðum.

Skógrækt ríkisins hefur ekki skoðanir á þessu atriði.

10. Um að auðvelda bændum að komast yfir land.

Skógrækt ríkisins hefur ekki skoðanir á þessum atriðum.

11. Um íhlutunarrétt sveitarfélaga varðandi nýtingu jarða.

Íhlutunarréttur sveitarfélaga býður fyrst og fremst uppá ákvarðanatöku sem byggist á klíkuskap og spillingu. Það væri stórt skref aftur í forneskju að innleiða þetta á ný. Landnýtingu á að stjórna með því að skapa markaðaðstæður og með hvötum sem leiða hana í farsæla átt miðað við þarfir þjóðarinnar en ekki með því að stjórna því í hvaða flokki eða úr hvaða ættum landeigendur séu.

12. Um forkaupsrétt ábúenda.

Skógrækt ríkisins hefur ekki skoðanir á þessu atriði.

13. Aðrar athugasemdir.

Skógrækt ríkisins telur að skógrækt sé landbúnaður og að hún falli undir skilgreininguna á landbúnaði í nágildandi jarðalögum, þ.e. að skógur sé ein af auðlindum lands. Skógrækt fæst við uppbyggingu, meðferð og nýtingu þeirrar auðlindar. Megináherslan er nú á uppbyggingu skógarauðlindarinnar og fer sú uppbygging að mestu fram á bújörðum. Mikilvægt er að við endurskoðun laganna verði orðalagi varðandi skilgreiningu á landbúnaði ekki breytt á þann hátt það útiloki að skilgreina megi skógrækt sem landbúnað áfram.

Virðingarfyllst f.h. Skógræktar ríkisins

Pröstur Eysteinnsson
Sviðsstjóri Þjóðskóganna
Skógrækt ríkisins